

Bæjarstjórn og bæjarstjóri Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Garðabæ 1. janúar 2018

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	03.01.2018
Málalýkill	9.33
Mál nr.	1606329

Varðar mál nr. 1606329

Það eru mörg falleg orð rituð í áramótagrein bæjarstjóra í Garðapóstinum 28. desember s.l. til okkar íbúa Garðabæjar sem við íbúar Hleinanna fáum ekki til að ríma við framgöngu „háttvirtrar“ bæjarstjórnar með lokun Álftanesvegur við Herjólfsbraut.


Mikið er ritað um gleði og kærleika.

Birtist sá kærleikur í því að taka ekkert tillit til aldraðra íbúa Hleinanna sem eru „Garðbæingar“ þótt þeir geisli ekki allir af gleði vegna ótrúlegrar framgöngu stjórnarinnar í þessu máli. Vonandi rifjast upp fyrir okkur íbúum Hleinanna er við göngum til kosninga í vor hvernig „lýðræðislegir stjórnarhættir“ virka þrátt fyrir fögur orð um nauðsyn þess að eiga góða samvinnu við alla til að skapa „gott og vandað samfélag“.

Að lokum viljum við óska ykkur gleðilegs og kærleiksríks árs með von um vönduð vinnubrögð í framtíðinni.

Virðingarfyllst,

Gunnar H. Jónsson
Naustahleinn 8



Þorður M. Adólfsson
Boðahleinn 19

